

Með þessi atriði í huga er ákveðið að fresta ákvörðun um refsingu ákærða í 3 ár frá dómsuppkvaðningu og hún falli að þeim tíma niður, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Adolfs Garðars Guðmundssonar, skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1985.

Nr. 217/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ellert Guðmundssyni og
Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur
(Arnmundur Backman hrl.)

Dýravernd. Alifuglar. Brot gegn lögum um dýravernd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessi var áfrýjað að ósk ákærðu með stefnu 14. ágúst 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip málgagna barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Ákæra í máli þessu er ekki svo skýr sem skyldi, og ekki verður af henni séð, að hinum ákærðu sé gefið að sök að hafa tástýft

hænsni. Kemur það atriði því ekki til álita í málinu. Hins vegar þykir mega skilja ákærana svo, að ákærðu sé gefið að sök, að þau hafi látið 8 hænsni ganga á fótstúfunum og með því gerst brotleg við 1. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi segir um húsakost, vanhirdingu og vanfóðrun og aðra meðferð alifugla þeirra, sem um er fjallað í ákæru, þykja ákærðu hafa gerst brotleg við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt, og komi 12 daga varðhald í sektar stað hjá hvoru um sig, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 19. gr. áðurnefndra laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, skal báðum hinna ákærðu óheimilt í næstu 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja að eiga eða hafa í umráðum sínum alifugla, versla með þá, slátra þeim eða sýsla um þá með öðrum hætti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 9.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 9.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, greiði hvort um sig 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu er báðum óheimilt í næstu 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja að eiga eða hafa í umráðum sínum alifugla, versla með þá, slátra þeim eða sýsla um þá með öðrum hætti.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 9.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 9.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 30. júlí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 15. júní 1984, á hendur Ellert Guðmundssyni, fæddum 1. júní 1927 í Reykjavík, og Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur, fæddri 23. ágúst 1945 á Sólbakka í Helgafellssveit, báðum til heimilis á Barðastöðum í Staðarsveit.

„Fyrir að hafa, frá því í ársbyrjun 1984, vanhirt og vanfóðrað í óhæfum og óræstum húsakynnum á Barðastöðum, sem að hluta héldu hvorki vatni né vindum, allt að 200 hænsni og 200 endur þegar mest var, þannig að sumt drapst úr hor og aðrir fuglar lögðust á hræin, þar til yfirvöld létu lóga öllum fuglum, sem fundust á bænum, allt að 148 hænsnum, 5 kalkúnum, 1 gæs og 2 öndum. Voru hænsnin þá kleprótt af skít, 39 þeirra glithoruð og 8 hænsni gengu á stúfum eða höfðu verið tástýfð en við rannsókn tveggja andahræja af nokkrum, sem fundust á Barðastöðum 15. mars 1984, kom í ljós, að fuglarnir höfðu drepist úr hor.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1. og 2. gr. sbr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21, 1957, sbr. 7. gr. laga nr. 75/1982.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til þess að vera svipt rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar samkvæmt 19. gr. laga um dýravernd og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærðu er krafist vægustu refsingar.

Ennfremur krefst skipaður verjandi ákærðu málsvarnarlauna sér til handa.

Málsvextir eru þessir helstir:

Þriðjudaginn 17. janúar 1984 fór héraðsdýralæknirinn í Snæfellsness-umdæmi, Rúnar Gíslason, að beiðni Jóhannesar Árnasonar sýslumanns að bænum Barðastöðum, Staðarsveit, til þess að líta eftir aðbúnaði kvikfénadur á staðnum. Með í förinni voru Klemenz Eggertsson, fulltrúi sýslumanns, Ingólfur Ingvarsson yfirlögregluþjónn og Rögnvaldur Finnbogason, sóknarprestur að Staðarstað.

Í skýrslu héraðsdýralæknis segir svo:

„Öll aðkoma að bænum var hroðaleg. Bóndinn, Ellert Guðmundsson, (ákærði í máli þessu, ásamt Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur), hafði m.a. ætlað að koma upp alifuglabúi. Í því skyni keypti hann útungunarvél og er kominn með talsverðan fjölda af fuglun (öndum, hænum, kalkúnum og gæsum). Elstu fuglarnir voru án húsaskjóls, en gátu að hluta hímt undir þaki fjárhúsrústa.

Saman gengu mjög misstórir fuglar (fullorðnar gæsir með stálpuðum hænu- og andarungum). Fóður var bersýnilega naumt skammtað og dýrin

mjög misgengin. Mikill hluti þeirra var afar illa haldinn, gindhóraður, blautur og skjálfandi úr kulda.

Inni í íbúðarhúsi voru ungar og yngri fuglar ásamt 5 kalkúnum og fáeinum kanínum. Einnig þar var aðbúnaði mjög ábótavant, auk þess sem íbúðarhús er engan veginn rétti staðurinn til fuglauppeldis, bæði hvað varðar almennt hreinlæti og sóttvarnir. Loftræsting var alls staðar afar léleg og hvorki hafði verið borið undir fuglana, né hreinsað frá þeim. Kalkúnarnir voru sér í litlu og loftlausu herbergi á efri hæð. Á þeirri hæð voru einnig stálpaðir hænuungar við mikil þrengsli og geysilegan sóðaskap. Á neðri hæð voru ungar í einu herbergi (mest andarungar). Einnig þar voru þrengsli og sóðaskapur mjög mikill og loftræsting sáralítill. Á gólfi á gangi efri hæðar voru nokkrar kanínur í búrum.

Ellerti var gefinn einnar viku frestur til að koma fullorðnu fuglunum á hús og bæta hirðingu og fóðrun allra dýra sinna, þannig að viðunandi mætti teljast. Átti hann að nota þann hluta af fjárhúsum staðarins, sem Narfi Kristjánsson bóndi að Hoftúnum hafði hjálpað honum að einangra. Áður var nauðsynlegt að tína lauslegt rusl út úr húsinu og bera það eða annað á gólfid ofan á klaka, sem þar var.

Þann 27. janúar 1984 fór ég aftur að Barðastöðum ásamt Rúnari Gunnarssyni frá Böðvarsholti og kannaði ásigkomulag fullorðnu fuglanna, sem verið höfðu úti, við hinar verstu aðstæður þann 17. janúar.

Með aðstoð þeirra feðga Gunnars Bjarnasonar og Rúnars Gunnarssonar frá Böðvarsholti hafði Ellert komið fuglunum í áður umtalað fjárhús. Ekki hafði hann viljað þiggja það, til að bera undir fuglana, taldi hann það hættulegt heilsu þeirra. Var því mikil forarleðja á gólfinu. Lofaði Ellert að útvega sag á gólfid, til að þurrka það. Utan við fjárhúsvegginn lágu nokkrir grindhóraðir andarungar, sem Ellert sagði hænurnar hafa drepid. Í þessari ferð vannst mér ekki tími til að kanna ástand fugla í íbúðarhúsinu, en bannaði Ellerti frekari útungun, fyrr en að fengnu samþykki mínu.

Gerði ég honum ljóst, að áður yrði hann að bæta húsakost og aðra aðstöðu. Að síðustu áminnti ég Ellert um að stífa í sundur misstórum fuglum, þannig að þeir misgengjust ekki eða stærri fuglarnir dræpu þá minni, eins og hann talaði sjálfur um.

Fimmtudaginn 15. mars 1984 fór ég í 3ja sinn að Barðastöðum, í þetta sinn í fylgd með Kristófer Þorleifssyni héraðslækni frá Ólafsvík og Gunnari Bjarnasyni, Böðvarsholti. Sem fyrr var umhirðu á fuglunum mjög ábótavant. Ekkert hafði verið gert til að bæta húsakost, nema hvað sag hafði verið borið á fjárhúsgólf. Eigi að síður var þar mjög sóðalegt og slæmt loft. Ekkert hafði verið gert til að flokka fugla eftir aldri og tegundum, en þess í stað voru kalkúnarnir komnir inn á meðal hænsna og anda. Fuglum hafði fækkað mjög í íbúðarhúsi og voru þeir mjög misjafnlega á sig

komnir. Utan við fjárhúsvegg lágu nokkrar dauðar endur og sendi ég tvær þeirra til rannsóknar á Tilraunastöðina að Keldum. Einnig kom fram að Ellert er búinn að setja nokkurt magn eggja í útungunarvél, þrátt fyrir að ekki hafi verið gerðar neinar úrbætur á húsnaði fyrir unga.“

Héraðsdýralæknir sendi tvær endur, sem fundust dauðar á bænum, til Rannsóknastöðvar Háskólans í meinafræði, að Keldum.

Í skýrslu yfirdýralæknis segir svo:

„Hingað bárust til rannsóknar tvær endur, fullorðinn steggur og ungi einnig steggur.

Fuglar þessir voru frá Barðastöðum í Staðarsveit, en þar hefur verið mikil vanhirða á fuglum að undanförunu að dómi héraðsdýralæknis.

Fuglar þessir voru sjálfdauðir, útataðir í skít og búnir að missa fjaðrir að hluta, einkum á bringu. Þeir voru glithoraðir og bringuvöðvar sleiktir.

Við krufningu kom í ljós að hvergi var fituögn að finna undir húð eða við vöðva. Vöðvar rýrir, slepjukenndir. Meltingarvegur var alveg tómur og leifar af fôðri hvergi finnanlegar, ekki heldur í fóarni. Hvergi fituörðu að sjá við líffæri, ekki einu sinni á hjarta.

Sjúklegar breytingar á líffærum voru hinsvegar ekki sjáanlegar, og má það merkilegt heita eins og aðbúð fuglanna hefir verið. Fuglar þessir voru ámóta horaðir, þó ungin sýnu verr á sig kominn.

Hor hefur orðið þessum fuglum að aldurtila, og virðist það afleiðing vanfóðrunar, þar sem ekki fundust sjúklegar breytingar við krufningu.

Virðingarfyllt,

Páll A. Pálsson“

Miðvikudaginn 28. mars sl. fór héraðsdýralæknir enn að Barðastöðum ásamt Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, Ingólfi Ingvarssyni yfirlögregluþjóni og Gunnari Bjarnasyni hreppstjóra.

Hafði þá ekkert verið gert til að bæta að búnaði að fuglunum (sic). Þeim hafði ekki verið stíað sundur eftir aldri og tegundum, og enn voru egg í útungunarvél.

Fyrir lögreglu þann 23. mars sl. skýrði ákærði Ellert frá því, að hann hefði komið að Barðastöðum seinni hluta maí 1982, en hann kvaðst hafa keypt jörðina í nóvember 1981. Hann hefði síðan selt meðákærðu Guðrúnu Jónu jörðina í maí 1983 og síðan verið vinnumaður þar.

Um mánaðamót maí-júní 1983 hafi fyrstu fuglarnir komið á bæinn, 10 hænsnfuglar og um 20 endur. Síðan bættust endur við, um 100 fuglar, sem ungað var út úr eggjum, bæði úr varpi á bænum og úr aðkeyptum eggjum. Taldi ákærði, að ungað hafi út í allt nálægt 300 stykki (sic).

Ákærði sagði, að þá væru á bænum um það bil 200 hænsni og rúmlega 200 endur, 10 gæsir og 4 kalkúnar.

Ákærði kvaðst aldrei hafa selt, hvorki egg né fuglakjöt, en hann hefði slátrað um það bil 20-30 öndum til heimanota.

Ákærði sagði, að er fyrstu fuglarnir hafi komið að bænum, hafi verið til eitt útihús, sem hægt var að loka, og hafi hænsnin verið höfð þar. Önnur útihús hafi verið opin og hefðu fuglarnir getað verið í skjóli þar.

Um 20. janúar sl. voru allir fuglarnir, sem voru útivið, fluttir í eitt hús-anna, sem hafði verið einangrað og vindþéttað.

Útungun hafi farið fram í gamalli hlöðu, áfastri við íbúðarhúsið.

Ungar hefðu verið fyrst fluttir í íbúðarhúsið og aldir þar 3-4 fyrstu vikurnar, en þeim síðan sleppt með hinum fuglunum, sem úti voru.

Ákærði kvaðst frá því í október hafa fengið, ca. 6 tonn af fóðurkorni, ca. 7 tonn af kartöflum og nokkur tonn af brauði.

Kvaðst ákærði yfirleitt hafa gefið fuglunum tvisvar á dag, en stundum einu sinni. Gjóf hefði fallið þrisvar sinnum niður um veturinn, einn dag í senn.

Fyrir dómi sama dag kvaðst ákærði Ellert vera vinnumaður á bænum og í verkahring hans væri að sjá um hirðingu og fóðrun alifugla á búinu.

Aðspurður sagði ákærði meðákærðu Guðrúnu Jónu bóndann á bænum.

Ákærða er kynnt skýrsla héraðsdýralæknis, dskj. nr. 1, og sagði ástand fuglanna ekki rétt lýst þann 17. jan. sl..

Sagði ákærði, að eins lítill hluti fuglanna hafi verið þá eins og lýst er þá í skýrslu dýralæknis, og taldi hann aðbúnað öðrum en fóðrun fuglanna þá hafa verið ábótavant. Ákærði sagði ennfremur, að ekki væri rétt, að fóður hafi verið naumt skammtað.

Vel hafi loftað um fuglana, sem voru í íbúðarhúsinu, og ekki þröngt um þá. Ákærði kvaðst moka undan fuglunum, minnst vikulega og oftár hjá sumum. Ákærði sagði, að nægt fóður hafi verið til í umrætt sinn, kartöflur og brauð svo og fóðurn, ca. 15 pokar af fóðurkorni.

Ákærði sagði rangt, að héraðsdýralæknir hafi bannað sér þann 27. jan. sl. að unga út fleiri ungum fyrr en að fengnu samþykki sínu, heldur mætti ákærði ekki fjölga fuglunum, fyrr en hann hafi komið upp betri aðstöðu fyrir ungana.

Aðspurður kvaðst ákærði gefa fuglunum brauð og kartöflur saman í 15 dalla, sem taki ca. 13 lítra, og sé það dagskammturinn.

Ákærði sagði, að í fjarveru hans hirti meðákærða Guðrún um fuglana.

Ákærði kveðst ekki hafa átt sag til að setja undir fuglana, er hann setti þá í hús, og sagði ákærði, að honum hafi verið boðið moð frá kúm, en hann hafi heyrt það, að það geti verið hættulegt heilsu fuglanna, og því ekki þegið það.

Ákærði kvaðst viðurkenna, að lítill hluti unga hafi ekki verið viðunandi hraustlegir þ. 17. jan. sl. og lýsing héraðsdýralæknis á ástandi þeirra því

röng. Nokkrir fuglar hafi að vísu verið með klakadröngla aftan úr sér. Fuglarnir hafi ekki verið grindhóraðir.

Aðspurður sagði ákærði það rangt, sem héraðsdýralæknir segði um ástand nokkurra dauðra andarunga þ. 27. jan. sl. Þeir hafi ekki verið grindhóraðir. Þeir hafi nýverið komnir út úr íbúðarhúsinu og hænurnar hafi kroppað í þá og drepíð þá.

Ákærði kvaðst viðurkenna, að aðbúnaði fuglanna hafi verið ábótavant, en aldrei viðurkenna, að um vanfóðrun hafi verið að ræða.

Vitnið Guðmundur Kristjánsson bóndi, f. 5/6 1924, skýrði frá því fyrir lögreglu þann 2/4 sl., að hann hafi komið að Barðastöðum um mánaðamót sept/okt. sl. Hafi hann séð endur og gæsir þar og hafi það verið fallegir og hraustlegir fuglar. Síðan hafi hann ekki komið að Barðastöðum fyrr en í fyrri hluta janúar. Þá hafi ákærði Ellert hringt til vitnisins og beðið hann að fara að Barðastöðum til þess að gegna fuglunum. Ákærði Ellert hafi þá verið staddur í Reykjavík og ákærða Guðrún Jóna ein að Barðastöðum með lítið barn þeirra Ellerts. Ellert hafi hringt að kvöldi, en þá hafi verið mjög slæmt veður og bylur og hafi hann því ekki komist þá um kvöldið að Barðastöðum. Hann hafi ekki komist fyrr en eftir hádegi daginn eftir. Er hann kom að Barðastöðum hafi enn verið slæmt veður og erfitt að gefa fuglunum vegna þess. Hafi fuglarnir verið heima við íbúðarhúsið og lágu þeir þar í skjóli við dráttarvélar, sem þarna eru á hlaðinu. Voru þetta eingöngu endur. Mætti (sic) kvaðst hafa hitt ákærðu Guðrúnu á Barðastöðum þetta sinn og hafa spurt hana, hvort hann ætti að gera fleira, en hún kvað svo ekki vera. Vitnið sagði, að hann hafi gefið fuglunum fóðurlöndu, sem var geymd í einu útihúsanna. Þá hafi verið ca. 10 þakar af fóðurlöndu í þessu útihúsi. Ekki kvaðst vitnið vita, hvort meira fóður hafi verið til á Barðastöðum, þegar þetta var. Vitnið kvaðst ekki hafa geta gert sér grein fyrir því, hvernig ástand fuglanna var, þegar þetta var, og heldur ekki, hvort allir fuglarnir hafi fengið æti, en hann kvaðst þó hafa reynt að gefa öllum fuglunum. Vitnið kvaðst síðan hafa komið þarna í næsta skipti síðast í febrúar eða byrjun mars sl. Þá hafi fuglarnir verið búnir að vera í húsi í nokkurn tíma. Þá hafi þeir verið orðnir mjög drullugir, en hann kvaðst ekki hafa gert sér nánari grein fyrir ástandi þeirra að öðru leyti.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi þann 10. þ.m.

Vitnið Gunnar Eiríkur Bjarnason hreppstjóri, f. 16/11 1922, skýrði frá því, fyrir lögreglu þann 4/6 sl., að hann hafi komið að Barðastöðum af og til frá því að núverandi ábúendur komu þar á síðastliðnu vori. Hann hafi komið þarna ýmissa erinda, og því hafa séð hvernig ýmislegt tók breytingum í ástandi á Barðastöðum. Var það bæði umgengni við bæinn og við húsin, sem fuglarnir voru hafðir í. Þegar haustaði og kólnaði hættu fugl-

arnir að ná í vatn, og skjól var lítið, þar sem öll hús, sem fuglunum voru ætluð, voru opin fyrir vindum og vatni. Fram undir áramót hafi verið nokkuð gott ástand á fuglunum, en eftir það hafi þeim hrakað verulega. Frá því um jól voru alger jarðbönn og frosthörkur oft á tíðum og regn til þess að mynda polla fyrir fuglana hafi ekki komið í allan vetur þangað til 1. og 2. apríl. Vitnið kvaðst hafa farið að Barðastöðum í janúar sl., í kringum þann 20, til þess að aðstoða ábúendur við að laga til í húsi, sem hafði verið einangrað, til þess að koma fuglunum í húsaskjól. Rúnar, sonur vitnisins, hafi verið með honum í það sinn. Hreinsuðu þeir þá timburdrasl og kassa, sem voru í húsinu, mokuðu úr því snjó og þéttu op á húsinu. Þetta hafi tekið tvo daga og ákærði Ellert hafi hjálpað þeim seinni daginn, en ekkert þann fyrri. Er vitnið og Rúnar höfðu lokið því, sem þeir ætluðu að gera, hafði vitnið tal af ákærða Ellerti, og vildi vitnið þá flytja fuglana í húsin, sem þeir höfðu verið að undirbúa, en ákærði Ellert taldi þá þess ekki þörf og kvaðst þá ætla að gera það sjálfur daginn eftir. Vildi vitnið ekki hlusta á það, og hófust þeir handa við að flytja fuglana, og hjálpaði ákærði Ellert þá við að koma fuglunum fyrir. Vitnið sagði, að flestir fuglarnir hafi verið blautir og hraktir, og stór hluti þeirra voru rennblautir og kaldir.

Voru nokkrir fuglanna svo máttfarnir, að það varð að bera þá í húsið. Vitnið kvaðst hafa orðað það við ákærða Ellert, að hann þyrfti að stúka húsið niður, svo að ekki gengju saman stórir og litlir fuglar eða ungar með fullorðnum fuglum. Hefði ákærði Ellert sagt, að hann ætlaði að gera það, en vitnið sagði að það hafi aldrei verið gert. Vitnið kvaðst hafa vitað, að fuglar höfðu verið settir í íbúðarhúsið að Barðastöðum einhvern tíma á sl. sumri. Voru það mest ungar, en einnig fullvaxnir kalkúnar svo og nokkrar kanínur. Virtust kalkúnarnir lifa góðu lífi, en ungarnir voru sýnilega illa haldnir, blautir og loftlaust hjá þeim. Kvaðst vitnið hafa séð dauða unga meðal þeirra. Kvaðst vitnið hafa verið undrandi á aðbúnaði fuglanna, en tók fram, að hann sé ekki fróður um fuglabúskap. Vitnið kvaðst hafa, er hann var að lagfæra húsið, orðað það við ákærða Ellert, að hann þyrfti nauðsynlega að lagfæra aðbúnað fuglanna, og hefði ákærði svarað því til, að hann ætlaði að koma því í framkvæmd, en ekki tilgreint hvenær það yrði. Hafi ákærða Ellerti alltaf fundist, að ekki væri neitt sérstaklega athugavert við aðbúnað á fuglunum. Vitnið tók fram, að honum hafi í rauninni blöskrað meira umgengnin og aðbúnaður fólksins í íbúðarhúsinu, heldur en aðbúnaður fuglanna á staðnum, þó að slæmur væri.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi þann 10. þ.m. Vitninu var kynnt skýrsla héraðsdýralæknis Snæfellsnesumdæmis og sagði ástandi og aðbúnaði fuglanna þ. 17. jan. sl. og 15. mars sl. rétt lýst í skýrslu héraðsdýralæknis.

Vitnið Narfi Kristjánsson bóndi, f. 8/4 1926, kvaðst fyrst hafa komið að Barðastöðum síðastliðið haust og hafi þá verið ungað út fyrir vitnið nokkrum hænuungum að Barðastöðum. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð annað en allt hafi þá verið í lagi með fuglana á bænum. Hafi fuglarnir þá bæði verið inni í húsunum og úti við.

Vitnið sagði, að ekki hafi verið annað að sjá, að nægt fóður hafi verið fyrir hjá fuglunum. Þeim hafi verið gefið úti, og kveðst vitnið hafa séð fóðurdalla með brauði í.

Næst kvaðst vitnið hafa komið að Barðastöðum í desember sl. og hafi hann þá aðstoðað ákærða Ellert við að setja einangrunarplast í loftið á einu útihúsanna.

Vitnið segir, að ágætis veður hafi verið í þetta sinn og hafi fuglarnir bæði verið úti og í húsinu við hliðina á því, sem þeir voru að einangra. Í síðarnefnda húsinu hafi hænsnfuglarnir verið og hafi það verið lokað. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð annað en að fuglarnir hafi þá verið vel aldir, þurrir og hreinir. Kveðst vitnið ekki hafa getað séð neitt athugavert við fuglana. Þetta hafi verið upp úr miðjum desember.

Vitnið sagðist hafa séð á að giska hálf tonn af fóðurköggjum í einu útihúsanna.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð neina dauða fugla í þessi skipti.

Vitnið kvaðst síðan hafa komið síðast að Barðastöðum fyrir um það bil 2-3 vikum síðan. Vitnið kvaðst hafa hjálpað ákærða Ellert að bera fóður inn í hús. Hafi það verið í það minnsta hálf tonn af fóðurskornum og eitthvað af brauði í pokum.

Í þetta skipti hafi hann séð 2-3 endur dauðar fyrir utan útihúsin.

Hinir fuglarnir hafi verið inni og hafi sér virst hænsnin líta vel út, en endurnar hafi verið dálítið óhreinar, en að öðru leyti virst vel haldnar.

Vitnið Jóhannes Lúter Gíslason, forðagæslumaður og bóndi, f. 16/8 1945, bar fyrir dómi þann 2. apríl sl., að hann hefði ekið alloft um hlaðið að Barðastöðum frá því síðastliðið vor. Kvaðst vitnið hafa átt þar leið um, er það fari til reka og við smalamennsku.

Vitnið kvaðst aldrei hafa farið að Barðastöðum til að athuga hirðingu fugla eða fóðurbirgðir á bænum. Hann hafi aðeins séð þá fugla, sem hafi verið úti við, er hann hafi átt leið um. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa komið að Barðastöðum frá því í október, er hann hafi átt þar leið um við smalamennsku, og fram í febrúar sl.

Í október kvaðst vitnið hafa séð hænsni, endur og gæsir úti við, og kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt athugavert við fuglana. Þeir hafi virst ágætlega á sig komnir.

Frá því í febrúar sl. kvaðst vitnið hafa komið í það minnsta 2-3 sinnum að Barðastöðum.

Í þessi skipti hafi vitnið séð gæsir og endur úti við og hafi sér virst gæsirnar vel á sig komnar, en verulegur hluti af þeim öndum sem hann hafi séð utandyra, hafi verið skítugar og misjafnlega á sig komnar. Vitnið sagðist engin hænsni hafa séð úti við og kveðst ekkert hafa litið í útihúsin.

Vitnið kvaðst hafa átt leið um hlaðið á Barðastöðum í dag, er hann hafi verið að fara til reka. Kvaðst vitnið hafa séð tvær endur utandyra. Hafi sér litist svo á þessar endur, að þær væru vanfóðraðar, en hefðu þó verið hreinni að sjá en áður.

Vitnið Rúnar Gunnarsson bóndi, f. 6/8 1962, bar fyrir dómi sama dag, að hann hafi komið nokkrum sinnum að Barðastöðum, fyrst í maí sl. og síðan nokkur skipti sl. sumar. Hafi fyrstu fuglarnir komið um vorið og síðan hafi þeim verið fjölgað fram á haust.

Fuglarnir hafi verið úti við, en ungar inni í íbúðarhúsinu. Vitnið sagði, að ekkert hafi virst ábótavant um hirðingu fuglanna þá.

Vitnið kvaðst hafa farið að Barðastöðum í lok október sl.

Úti við hafi verið margar endur og nokkrar gæsir og ekki hafi verið annað að sjá en allt hafi verið í lagi með fuglana.

Ákærði Ellert hafi sýnt þeim inn í íbúðarhúsið, m.a. sýnt þeim unga, sem hafi verið í herbergi við hliðina á eldhúsinu. Vitnið kvaðst telja, að allt hafi verið í lagi með ungana.

Á efri hæð íbúðarhússins hafi verið, í einu herbergi, hænsni, en í öðru 4-5 kalkúnar.

Hænsnin hafi verið ca. 30-40 og hafi verið allnokkur bleyta á gólfinu í herberginu og hænsnin blaut og óhrein. Hjá kalkúnunum hafi allt verið þurrt og þeir vel á sig komnir.

Vitnið kvaðst síðan hafa farið næst að Barðastöðum í kringum 20. jan. sl. ásamt föður sínum, Gunnari, til að hreinsa út úr gömlu fjárhúsi, sem ákærði Ellert hafi einangrað. Hafi þeir feðgar hreinsað kassa- og spýtudrasl út úr húsinu, mokað snjó út og lokað götum á húsinu. Ennfremur hafi þeir sett upp prik fyrir hænsnin.

Hafi þetta tekið tvo daga og hafi ákærði Ellert ekkert hjálpað til fyrri daginn, einungis þann seinni.

Vitnið sagði, að sæmilegt veður hafi verið fyrri daginn, en síðari daginn hafi verið leiðindaveður með eljum.

Vitnið sagði endurnar og gæsirnar hafa verið úti og hafi þeir rekið þær í húsið sem þeir hafi verið að hreinsa, síðari daginn.

Ákærði Ellert hafi ekki viljað setja fuglana, sem úti voru, í hús síðari daginn. Hafi hann sagt, að hann gæti alltaf gert það sjálfur. Vitnið sagði, að þeir feðgar hafi ansað því engu og sett endurnar og gæsirnar inn.

Meirihluti andanna hafi verið illa útlítandi, blautar og drullugar. Áður

en þeir hafi komið fuglunum í hús, hafi þessir fuglar ekki haft neitt afdrepp nema hús, sem opið hafi verið í báða enda.

Fyrri daginn er þeir hafi verið þarna hafi ákærði Ellert gefið öndunum uppbleytt brauð, ca. fjóra dalla, og hafi endurnar og gæsirnar etið upp úr þeim á mjög skömmum tíma.

Vitnið kvaðst hafa farið út að döllunum og hafi þeir verið sleiktir að innan.

Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að aðeins hluti, þeir sterkustu og þá helst gæsirnar, hafi náð í fódrið, en hinir veikari orðið útundan.

Greinilegt hafi verið, að verulegur hluti andanna hafi verið illa haldinn af kulda og vosbúð. Hafi sumar endurnar verið mjög veikburða og legið fyrir.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð neina dauða fugla í þetta skipti.

Vitnið kvaðst síðast hafa komið að Barðastöðum með héraðsdýralækninum þann 27. jan. sl. hafi þá greinilega ekkert verið gert og allar tegundir af fuglum í sama húsinu, endur, hænsni og gæsir. Bleytuslabbb hafi verið á gólfinu, fuglarnir rennandi blautir og forugir.

Vitnið sagði, að dýralæknirinn hafi bent ákærða Ellerti á að stíga hefði þurft fuglunum í sundur eftir tegundum og stærð og hafi ákærði virst hissa á því, að það þyrfti.

Hafi vitninu virst eitthvað af fuglunum vera veikburða.

Fyrir utan húsið, við dyrnar, hafi legið í kós 6 til 8 dauðir fuglar, endur eða hænsni, sem ákærði Ellert sagði hænurnar hefðu drepíð.

Ákærða, Guðrún Jóna Halldórsdóttir, kvaðst, fyrir dómi þann 6. apríl sl. hingað til hafa verið bóndi á Barðastöðum.

Ákærða kvaðst aðspurð vera eigandi og umráðamaður allra alifugla á búinu að Barðastöðum.

Meðákærði Ellert væri vinnumaður á bænum.

Aðspurð sagði ákærða Ellert Guðmundsson ekki vera sambýlismann ákærðu og hún ein væri bóndi og forsvarsmáður búsins.

Ákærða kvaðst hafa keypt jörðina í maí 1983 af meðákærða Ellerti og hann þá gerst vinnumaður á bænum.

Ákærða sagði, að það væri m.a. í verkahring meðákærða Ellerts að sjá um hirðingu og fódrun alifugla á búinu, en hún hjálpi til og ef meðákærði Ellert fari af bænum þá sjái hún um hirðinguna.

Fyrstu fuglarnir hafi komið að Barðastöðum vorið 1983, en hún kvaðst ekki muna hve margir.

Smám saman hafi bæst fleiri í hópinn, bæði með útungun úr eggjum á staðnum og með aðkeyptum fuglum, bæði endur og hænsnfuglar.

Flest hafi verið um 200 hænsni og 200 endur, ennfremur hafi verið á bænum 8 gæsir og 5 kalkúnar.

Engir fuglar hafi verið seldir og engin egg.

Fyrst hafi fuglarnir verið látnir vera úti, en síðan hafi þeir verið látnir í útihús, en ungarnir, sem ungað hefði verið út, hafi fyrst verið hafðir í íbúðarhúsinu, bæði á neðri og efri hæð. Er þeir hafi verið orðnir nógu stálpaðir til að bjarga sér, hafi þeir verið settir í útihús. Hafi í fyrstu allar tegundir af fuglunum verið hafðar saman án þess að vera stíað sundur eftir tegund eða aldri. Þó hefði nú síðast hænsnunum eitthvað verið stíað frá öðrum fuglum.

Fuglunum hafi verið gefið korn og brauð, á annan poka af korni á dag nema því meira af brauði hefði verið gefið.

Alltaf hafi verið til nægilegt fóður.

Aðspurð sagði ákærða, að eitthvað af fuglum hafi drepist á búinu, en kvaðst ekki vita hve margir, en þeir hafi ekki verið óeðlilega margir.

Þann 5. apríl sl. fór héraðsdýralæknir Dalaumdæmis, Rögnvaldur Ingólfsson, að bænum.

Í skýrslu hans segir m.a.:

„Þegar við komum að Barðastöðum var bóndinn, ákærði Ellert Guðmundsson, fjarverandi. Opið var inn í eitt af fjárhúsunum og fór ég að dyrunum og í gættina. Inní fyrir voru nokkrir tugir hænsna og einn kalkún. Tvö hænsnahræ lágu á gólfinu og stóðu nokkrar hænur yfir þeim og kroppuðu í. Ekkert fóður var í trogum sem voru á gólfinu. Mörg hæsnanna voru illa útlitandi. Forug, úfin og dauð (himdu). For var á gólfi. Húsið virtist illa einangrað. Ellert Guðmundsson kom fljótlega í hlaðið og sagði hann mér að ég fengi ekki að ganga inn í húsin til skoðunar. Af þeim sökum var ekki unnt að athuga fuglana og aðstæður nánar. Þó virðist ljóst af því sem ég sá, að aðbúnaður hæsnanna að Barðastöðum var langt frá því að vera fullnægjandi hvað snertir húsakost og fóður þann 5. apríl.“

Um ástand fuglanna á bænum þann 6. apríl sl. segir m.a. svo í skýrslu héraðsdýralæknis Snæfellsnesumdæmis:

„Almennt ástand á bænum hafði síst skánað frá því sem var við fyrri ferðir mínar þangað. Hvert sem lítið var blasti við meiri sóðaskapur og viðbjóður en nokkur orð fá lýst. Í fjárhúsum voru nálega eitt hundrað hænur og fjórir kalkúnar, einnig ein gæs utan við fjárhús. Þann 28.03.1984 voru þar einnig fjölmargar endur, blautar og forugar. Þær höfðu hins vegar verið fluttar á brott. Ástand fuglanna, sem eftir voru, var afar bágborið. Þeir voru glorsoltir og flestir grindhoraðir. Nokkur hræ af hænum lágu á dreif um gólfið og höfðu fuglarnir lagst á þau. Við slátrunina kom í ljós að tærnar vantaði að hluta á allmargar hænur. Inní í íbúðarhúsi voru fuglar í tveim herbergum. Á neðri hæð tvær stálpaðar endur og tveir stálpaðir hanar auk fimmtán hænuunga, 1-3ja daga gamalla. Fuglarnir voru í eins konar hillukössum. Endurnar voru með snúna fætur og gátu ekki

staðið, en fæturna vantaði á báða hanana. Tveir unganna voru lagstir og að dauða komnir, Á gangi efri hæðar voru fjórar kanínur, sæmilega á sig komnar, en þó allar kvefaðar. Í herbergi á efri hæð voru liðlega tuttugu hænur, mjög illa haldnar.“

Héraðsdýralæknarnir hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Dýr þau, sem fargað var þann 6. apríl, voru send að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum til rannsóknar.

Skýrsla Tilraunastöðvar er svohljóðandi:

„Skýrsla um skoðun á fiðurfé frá Barðastöðum, Staðarsveit.

Þann 6. apríl 1984 óskaði Klemen Eggertsson, fulltrúi sýslumannsins í Stykkishólmi eftir því að fá brennd egg og fiðurfé sem deytt hafði verið á Barðastöðum í Staðarsveit.

Komið var með fugla þessa og egg og fjórar kanínur að kvöldi sama dags að Tilraunastöðinni að Keldum v/Vesturlandsveg.

Hafist var handa um að skoða fuglana laugardaginn 7. apríl og því haldið áfram mánudag 9. apríl.

Egg: Hér var um að ræða egg í bökkum líklega nálægt 100 eggjum. Sumir bakkanir voru ekki alveg fullir. Egg þessi voru að mestu heil. Auk þess voru í tveim pokum töluvert magn af eggjum, bæði hænuegg og andaregg að því er virtist. Allt var það meir og minna brotið og því tilgangslaut að rannsaka það nánar. Munu þetta hafa verið egg úr útungunarvél, því sum voru fúl, en hálfþroskaðir ungar í öðrum.

Ungar: Hér var um að ræða unga nýskriðna úr eggjum 10-15 stk. Ungarnir höfðu verið með klessing og mikið eftir af eggjaleif í þeim. Með sýklarannsókn var leitað eftir orsök kjúklingasóttar, Salmonella ullorum, og var sú sýking staðfest. Ungarnir höfðu verið drepnir.

Kalkúnar: Sendir voru fimm kalkúnar sem höfðu verið hálshögnir. Tveir karlfuglar (11,5 og 8,5 kg) voru í sæmilegum holdum og þrjár hænur (6,5, 5,6 og 4,4 kg). Hæurnar voru magrar og sú léttasta mjög mögur, varla fituögn að finna á skrokk. Meinsemd í lifur, gulir hnútar að hluta kalkaðir. Annars voru kalkúnarnir heilbrigðir að sjá.

Villigæs: Gæsin var vel feit 3,3 kg. Við líffæraskoðun fannst ekkert athugavert.

Endur: Tvær gular húsendur, báðar í sæmilegum holdum. Báðar voru bæklaðar á fótum, fætur snúnir og áberandi hrúður og sár kring um augu. Endurnar voru 1,2 og 1,4 kg að þyngd. Þessar endur litu mun betur út heldur en tvær endur frá þessu búi sem bárust hingað 16. mars 1984. Þær endur voru svo glithoraðar að segja mátti að þær væru ekki nema skinn og bein. Virtust þær hafa orðið sjálfdaugar.

Hænsni: Hingað bárust 133 hænsni. Þau voru mjög misjafnlega vel á sig komin. Sum voru í góðum holdum, önnur í sæmilegum holdum en 39

hænur voru glithoraðar. Við líffæraskoðun fundust ekki sjúkleg einkenni á þeim 40 hænum sem krufðar voru. Engin af þessum hænum virtist hafa verið í varpi. Hæurnar voru skítugar, skítakleprar í fiðri og á fótum. Þyngd var misjöfn frá 550 gr. upp í 2000 gr., enda misgamlar. Áberandi var að í sarpi flestri hæsnanna var þurrt samanpakkað fóður, fóðurkögglar. Umráðamaður Ellert Guðmundsson upplýsti að hann hefði fóðrað hænsnin undanfarið á brauði og kartöflum, of einhæfu fóðri fyrir varphænur. Í öðrum hænsnum var innihald í sarpi eðlilegt, grautarkennt mjölfóður. Í nokkrum hænsnum, þeim mögrustu, ekkert fóður í meltingarvegi. Ekki leikur vafi á því að hluti af hænunum hefur búið við vanfóðrun.

Fjórar *kanínur* voru í þessari sendingu. Þær voru í sæmilegum holdum. Á tveim þeirra innþornaður hor kringum nasir. Líffæraskoðun leiddi ekkert sjúklegt í ljós.

Sjö hanar og ein hæna höfðu misst framan af tánum. Voru sár á tánum ekki gróin enda hafði myndast ígerð og langvinn bólga í sumum þeirra. Verst voru tveir af hönunum farnir, þeir gengu á stúfum, höfðu misst fótinn um legginn annarsvegar, en á hinum fætinum var stúfurinn nokkuð lengri, en tærnar þó að mestu eða alveg horfnar. Í stúfendunum langvinn bólga.

Ekki verður með vissu sagt hvað valdið hefur þessum örkuðum fuglanna, en sennilegt er að um áverka hafi verið að ræða.

Lokaorð:

Hingað hafa borist alls fjórar húsendur frá þessu búi, tvær voru drepnar, tvær sjálfdauðar. Voru þær síðastnefndu svo glithoraðar að kalla mátti að þær væru lítið annað en skinn og bein (sjá bréf dagsett 19. mars 1984).

Eitthundrað þrjátíu og þrjú hænsni hafa verið skoðuð frá þessum bæ. Af þeim reyndust 39 mjög horaðar, sumar glithoraðar.

Þar sem sérstakir sjúkdómar fundust ekki í þessum fuglum, sem áhrif gætu haft á þrif þeirra, verður að álykta að um vanfóðrun fuglanna hafi verið að ræða.

Rétt er að lokum að geta þess að sérstaka heimild þarf til að unga út eggjum í vél sbr. reglugerð nr. 7/1983. Ekki er vitað til þess að Barðastabúið hafi haft slíka heimild.

17.4.1984

Páll A. Pálsson“

„Athugun á hænsnum frá Barðastöðum, Staðarsveit, Snæf.

H312/1984 - 8 hænsni með skerta ganglimi (7 hanar og 1 hæna):

No.1. *Hvítur hani*, 1,65 kg. Feitur, þurr, hreinn. Hefur sýnilega verið inni. Ekkert finnst athugavert við innri líffæri. Kambur fallegur ókalinn.

Fætur: Hægri fótur:

Vantar neðan á fótinn allar tærnar og gangþófa svo að sjá sem höggvið hafi verið eða klippt neðan af fætinum í kjúkulið við fótlegg og án þess að fótleggurinn (Os tarsometatarsus, II,IV) hafi verið skertur. Smáflisar eða brot af kjúkubeinum loða við liðbönd. Sárskorpa hylur stúfinn $\frac{1}{2}$ -2mm þykk. Hún er þurr og hörð og vessar hvergi úr henni og matarleifar (brauðmysna eða mjölkorn) klesstar í skorpuna. Skorpan losnar af auðveldlega eins og hetta og við blasir stúfurinn ber og blóðrisa og ekki er gróið fyrir né farið að dragast saman sárið frá brúnunum svo heitið geti. Bólga hefur komið í fótastúfinn og er endinn gildnaður nokkuð en ekki mikið. Sárið getur ekki verið mjög gamalt. Spori virðist eðlilegur miðað við kynþroska dýr en eistu voru þroskuð um $3,5 \times 2,0 \times 2,0$ cm.

Vinstri fótur:

Vantar neðan á fótinn sporann og allt neðan við þann stað. Hálfur fótleggurinn neðan við hækil er eftir. Yfir stúfnum er sárskorpa eins og á hægri fæti. Hér virðist hafa orðið meiri bólga og beinendinn hefur gildnað verulega og beinmyndun orðið umhverfis og ofan við sárið. Undir skorpunni er sárið þó fremur hreint og ekkert vessar úr sárinu. Skinnið á fætinum ofan við stúfinn virðist eðlilegt og ekki bera merki kals.

No.2: *Svartur hani*, 1,25 kg. Þurr, fremur hreinn. Kambur er fallegur þess ekki merki að hafa kalið. Ekkert finnst óeðlilegt við innri líffæri. Húð eðlileg einnig á fótum sem virðast stýfðir af manna völdum eins og á nr. 1.

Fætur: Hægri fótur:

Stuttur spori, virðist stýfður (klipptur af eða sorfinn). Framan á 3 lengstu tærnar (II,III og IV) vantar klærnar. Svo er að sjá sem þær hafi verið klipptar af í liðamótunum fremstu, þ.e. klóin og klóbeinið. Gróið hefur fyrir stúfana og er ekki að sjá sárskorpu en blóðlitur sést á smábletti undir hverri tá á klóarstað, þótt yfirhúð klæði sárið að mestu. Ekki hefur komið mjög illt í sárin að því er virðist og eru tærnar óverulega gildnaðar fremst.

Vinstri fótur:

Neðan við hækil u.þ.b. 1 þumlung frá hæl er fóturinn í sundur og vantar (sic). Sama umsögn og um vinstri fót á no.1 nema bólga hefur ekki orðið jafn langvinn.

No.3: *Grár hani*, 1,66 kg. Holdugur en ekki mörvaður. Bringubeinsbrotinn fyrir nokkru. Sparar aðeins körtur hafa líklega verið klipptir. Þetta er kynþroska fugl, eistu stór og þroskamikil eins og við no. 1 (no.2 einnig kynþroska að því er virtist).

Hægri fótur:

Klær hafa verið klipptar að því er virðist af öllum tám eða snyrtar réttara sagt. Við það hafa komið sár í klórótina á 3 tám af 4 og langvinn bólgla hlotist af sem nú er úr tánun og er nú gróid.

Vinstri fótur:

Hér hafa klær verið klipptar af og klóbeinið skaddað að því er virðist af manna völdum eins og á no. 1-2. Bólgla hefur hlaupið í klórótina á öllum tám orðið langvinn og tærnar hafa gildnað.

No.4: *Hvítur hani*, 1,85 kg. Holdugur en er ekki mörvaður. Sæmilega hreinn og þurr. Hefur sýnilega verið inni. Kynþroska. Eistu stór. Sparar stuttir virðast hafa verið klipptir.

Fætur.....

Tær hafa allar verið klipptar. Klóin og víðast klóbeinið einnig í liðamótum en sums staðar er flís eða brot af klóbeini eftir. Illt hefur komið í allar tær og mikil og kvalafull bólgla verið í langan tíma því að tærnar einkum miðtáin á báðum fótum (no. III) eru gildnaðar af langvinnri bólgunni og bandvefur þar aukinn og beinahlæði mikið. Miðtáin er tvöföld að gildleika á báðum fótum. Opin sár á öllum tám og hefur ekki náð að gróa fyrir stúfana. Sár eru á báðum gangþófum. Svipuð umsögn um báða fætur.

No.5: *Hvítur hani*, 1,55 kg. Bringubrotinn fyrir nokkru. Sæmilega holdugur en ekki mörvaður. Kynþroska. Eistu stór.

Fætur.....

Umsögn eins og við nr.4. Kló á inntám (No. I) er þó skert en ekki klippt af hér.

No.6: *Hvítur hani*, 1,32 kg. Magur. Óhreinn.

Umsögn eins og við no. 5.

No.7: *Hvítur hani*, 1,00 kg. Horaður. Óhreinn.

Fætur.....

Umsögn eins og við no. 4.

No.8: *Grá hæna*, 0,83 kg. Grindhoruð og vanþroskuð. Óhreinn.

Fætur.....

Umsögn eins og við nr. 4.“

Skýrslur þessar hafa verið staðfestar fyrir dómi af Páli Agnari Pálssyni yfirdýralækni og Sigurði Sigurðssyni dýralækni.

Vitnið Þórður Gíslason bóndi, Ölkeldu, Staðarsveit, skýrði frá því fyrir dómi, þ. 10/5 sl., að hann hefði heyrt því fleygt í sveitinni, að ákærði Ellert hefði sagst hafa hoggið ganglimi af nokkrum hönum á bænum, vegna þess að þeir hefðu verið að áreita barnið á bænum, Halldóru.

Ekki gat vitnið nefnt neinn sérstakan fyrir þessu.

Fyrir dómi þ. 29. sama mánuð sögðu ákærðu, að ganglimir þessara fugla hefðu skerst við kal.

Hefðu fuglarnir sloppið út og ekki fundist fyrr en nokkrum dögum síðar.

Um það bil mánuði eftir að þeir hefðu verið teknir aftur í hús hefði farið að detta partar af fótum þeirra.

Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögreglumaður, f. 18/12 1950, kom fyrir dóm þ. 10. þ.m.

Vitnið sagði aðkomuna að bænum Barðastöðum þ. 6. apríl sl. slæma, sóðaskapur hafi verið mikill á bænum.

Vitnið sagði ástand fuglanna á bænum í umrætt sinn mjög bágborið, þeir hafi verið skitugir. Ekki léki vafi á því, að hluti fuglanna hafi verið vanfóðraður.

Vitninu var kynnt skýrsla héraðsdýralæknis, dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. rétta og þar væri frekar vægt að orði komist.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson yfirlögregluþjónn, f. 16/3 1925.

Vitnið sagði, að er hann hafi farið að Barðastöðum þ. 17. jan. sl., hafi verið frost og snjór yfir öllu, en þó ekki harðfrosið, þar sem talsverð bleyta hafi verið við útihúsin á bænum.

Utan dyra á bænum hafi verið nokkrar aligæsir og tvær grágæsir og hafi það verið einu fuglarnir, sem hafi verið í sæmilegu ástandi.

Ennfremur hafi verið utan dyra aliendur.

Hafi þær flestar verið illa á sig komnar af vosbúð og kulda.

Sumar hverjar legið fyrir og skjálfandi úr kulda.

Í austasta útihúsinu hafi verið fjöldi anda og nokkrir kalkúnar.

Vitnið sagði, að endurnar sem inni voru, hafi verið í eins ástandi og þær, sem úti voru.

Vitnið sagði, að stafninn hafi verið að mestu burtu úr húsinu, sem endurnar voru í.

Ástand fuglanna í bænum hafi verið orðið verra þann 28.03. sl. og þeim hefði bersýnilega fækkað.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 1 og 10, og sagði vitnið ástandi og aðbúnaði fuglanna þ. 17. jan. sl. og 28. mars rétt lýst í skýrslum héraðsdýralæknis.

Vitnið tók fram, að er hann hafi komið að Barðastöðum í nóv. sl., hafi verið mikill flokkur fugla utan dyra og hafi þeir þá virst vel á sig komnir. Frá þessum tíma og fram í janúar hefðu bersýnilega orðið mikil vanhöld fugla á bænum.

Vitnið kvaðst hafa séð eitthvað af fódri, en einungis brauð og kartöflur, en ekkert fódurkorn.

Vitnið Harald Haraldsson varðstjóri, f. 11.07.1951, bar fyrir dómi sama dag, að þann 6. apríl sl. hafi aðbúnaður fuglanna á bænum verið slæmur og um bersýnilega vanfóðrun hafi verið að ræða.

Vitninu var kynnt lýsing héraðsdýralæknis á ástandi fuglanna á bænum, dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á aðbúnaði og ástandi fuglanna rétta.

Ástandið á bænum hafi verið slíkt, að hann hafi ekki viljað trúá því fyrr en hann hafi séð það sjálfur.

Vitnið Hilmar Gunnarsson lögreglumaður f. 16/9 1955, skýrði frá fyrir dómi sama dag, að hann hafi verið við gæslu á ákærða Ellerti og hafi hann ekki getað séð ástand fuglanna á bænum og geti ekki borið um það.

Hann hafi aðeins litið inn í íbúðarhúsið og hafi verið þar mikill sóðaskapur.

Vitnið Guðlaugur Gunnarsson lögreglumaður, f. 19/8 1958, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið kveðst hafa verið mest við gæslu á ákærða Ellerti í greint sinn.

Hafi hann aðeins litið inn í íbúðarhúsið og hafi þar verið mikill sóðaskapur og fuglar á neðri hæðinni.

Vitnið kvaðst hafa aðeins litið inn í útihúsið, þar sem hænsnin voru, og hafi þar verið mikil drulla á gólfinu og hænsnin forug.

Vitnið Kjartan Jóhannsson, bóndi og héraðslögreglumaður, f. 22/11 1951, bar fyrir dómi sama dag, að aðbúnaður að fuglunum að Barðastöðum þ. 6. apríl sl. hafi verið mjög slæmur, nánast ólýsanlegur.

Við hliðina á eldhúsinu, í herbergi, hafi verið ungar, hanar og endur.

Fullorðnu fuglarnir hafi verið lemstraðir á fótum, vantað hluta á fætur. Fæturnir á einni öndinni hafi borið merki um skort á E vítamíni.

Fuglarnir hafi almennt verið vanfóðraðir og vanhirtir.

Fuglarnir hefðu lagst á hræin, sem ekki hefðu verið fjarlægð.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og segir vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum rétta.

Vitnið tók fram, að hann væri lærður alifuglatæknir frá Danmörku.

Vitnið tók fram, að hann hafi farið höndum um mikinn hluta hænanna, er þeim var fargað, og hafi þær allar verið vanfóðraðar og vanhaldnar.

Vitnið Guðlaugur Svavar Wíum Hansson lögreglumaður, f. 7/9 1944, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði aðbúnað allan á bænum þ. 6. apríl sl. hörmulegan, bæði á mönnum og skepnum.

Vitninu hafi vírst hluti fuglanna vannærður.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðslæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna rétta.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögreglumaður, f. 22/6 1948, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði fuglana á bænum hafa verið almennt illa haldna vegna vanfóðrunar og slæms aðbúnaðar.

Vitninu er kynnt dskj. nr. 24, og segir vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. rétta.

Vitnið Guðmundur Rúnar Gunnarsson lögreglumaður, f. 22/1 1961, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið kvaðst hafa verið við gæslu við afleggjarann heim að Barðastöðum og hafi hann aðeins komið í hlaðið, eftir að fuglunum hafði verið fargað, og gæti hann því ekki borið um ástand þeirra, en aðkoman að bænum hafi verið hörmuleg.

Vitnið Þorsteinn Jónsson, bóndi og héraðslögreglumaður, f. 18/3 1956, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði, að ástand og aðbúnaður fuglanna í greint sinn hafi verið hrikalegur. Hann hefði ekki trúað, að svona lagað væri til.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og sagði vitnið ástandi og aðbúnaði fuglanna í skýrslu héraðsdýralæknis rétt lýst.

Vitnið Trausti Tryggvason, húsamíðameistari og fulltrúi Sambands dýraverndunarfélaga í Stykkishólmi, f. 3/2 1949, kom fyrir dóm þ. 23. þ.m.

Vitnið sagði aðbúnað á fuglunum, bæði í íbúðarhúsinu og útihúsunum, almennt mjög slæman. Ekki hefði verið mokað frá fuglunum lengi og mikil for í útihúsunum, loftræsting léleg.

Vitnið sagði, að allar hænurnar hafi verið vanfóðraðar. Aðeins nokkrir hanar hafi vírst vera sprækir.

Vitninu var kynnt lýsing héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. og sagði hann hana rétta að sínu mati.

Niðurstöður.

Með skýrslum héraðsdýralækna, niðurstöðum Rannsóknarstofnunar Háskólans (sic) í meinafræði að Keldum, framburði vitna svo og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærðu hafi vanfóðrað og vanhirt í óhæfum og

óræstum húsakynnum á Barðastöðum, allt að 200 hænsni og 200 endur, þegar mest var, þannig að sumt drapst úr hor og aðrir fuglar lögðust á hræin, þar til yfirvöld létu farga öllum fuglum, sem fundust á bænum, og er ástandi þeirra nánar lýst í ákæruskjali.

Þykja ákærðu með framangreindu atferli hafa gerst brotleg við þau laga-ákvæði, er í ákæru greinir.

Eins og að framan er lýst, voru átta hænsnfuglar með skerta ganglimi, er þeim var fargað.

Ákærðu hafa bæði haldið því fram, að ganglimir fugla þessara hafi skerst við kal.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans (sic) í meinafræði eru örkuml fuglanna af manna völdum.

Þykja yfirgnæfandi lýkur, en ósannað gegn neitun ákærðu, að örkumlin séu af völdum ákærðu, annars hvors eða beggja.

Allt að einu ólu ákærðu fugla þessa þannig á sig komna, fuglunum vafalaust til mikils kvalræðis, í allt að einum mánuði eftir að þeim varð ljóst ástand þeirra.

Ekki hefur komið fram í málinu, að ákærðu hafi gert ráðstafanir til að láta dýralækni skoða fuglana eða aflífuðu þá.

Ákærða, Guðrún Jóna, hefur ekki sætt kærnum né refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði Ellert hefur sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

1972 13/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 5.000,- kr. sekt fyrir brot gegn 4. og 5. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 21.12.1971.

1973 8/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 2.000,- kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. og 248. gr. sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og með vísan til 19. gr. laga um dýravernd nr. 21, 1957 eru ákærðu hvort um sig svipt ævilangt rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar.

Loks eru ákærðu dæmd óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Ásgeirssonar héraðs-dómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 19.766,00.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, greiði hvort um sig kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu eru hvort um sig svipt ævilangt frá birtingu dóms rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns kr. 19.766,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1985.

Nr. 28/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Brynjólfi Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 20. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.